

Fundur í skólaráði þann 1. 10. 2015.

**Mættir eru:** Heimir Jóhannsson fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Sigríður Jóna Ingólfssdóttir, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Hulda Margrét Sveindóttir fulltrúi nemenda, Elísabeth Ása Heimisdóttir fulltrúi nemenda, Svava Svavarsdóttir ritari fulltrúi starfsmanna, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri og Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri

Ásdís Elva Helgadóttir fulltrúi foreldra er fjarverandi

**1. Fundartími skólaláðs.** Ákveðið að hafa fundi á sama tíma, þ.e. síðasta fimmtudag í mánuði klukkan 15:00. Þessi fundur er haldinn 1. október af sérstökum ástæðum.

**2. Húsnæðismál.** Vinna í kjallaranum er langt komin. Búið er að setja dúk á gólfið og aðeins lokafrágangur eftir. Hægt verður að byrja á að flytja bókasafnið niður strax í næstu viku. Farin er gönguferð niður til að skoða.

Framkvæmdir hefjast utan dyra, norðan við skólann þar sem útbúa á fleiri göngustíga, hól og e.t.v. grillhús eða skjólveggir kringum grillið. Það stendur einnig til að setja leiktæki þarna á svæðið. Drena þarf við hliðina á fótboltavöllunum en þeir eru oft mjög blautir. Velt er upp hvort foreldrafélagið getur komið að málum og keypt aukahluti á grillið t.d. pott og vöflupönnu. Rætt er um að grindin á grillinu er þung og óaðgengileg og jafnvel hindri kennara í að fara út með nemendur og grilla. Athuga þarf hvort hægt er að fá léttari grind sem auðveldara er að ganga um. Sú hugmynd kemur upp hvort hægt er að setja á svæðið grindur fyrir frisbyggolf og jafnvel fá smíðakennara með í lið til að útbúa körfur.

**3. Nemendaráð.** Nemendaráð fundaði í morgun. Þar kom fram ósk um að sett verði „park“ á skólalóðina. Einnig var rætt um að mála þyrfti útlínur vallarins á körfuboltavöllinn og að ný net vantaði á körfurnar. Ólöf skólastjóri telur að búið sé að setja net á körfurnar og það hafi verið gert í haust. Sú hugmynd að byrja 15 mínútum seinna á morgnana kom einnig fram. Nokkrar umræður eru um kosti þess og galla að byrja klukkan 8 eða seinna en engin ákvörðun tekin um breytingar. Einnig var óskað eftir því að pizzur verði í boði á matseðlinum sem ekki hefur verið í boði síðustu ár. Skoða má hvort hægt er að verða við þessu einu sinni á skólaárinu og fá t.d. 10. bekk til að aðstoða við að útbúa pizzur.

Nemendaráð ætlar að útbúa kynningar um ADHD, einhverfu og kynna á mið- og unglingastigi og jafnframt þunglyndi fyrir unglingastig og fara milli bekkja með kynningar.

**4. Foreldrafélagið kaupir grill og örbylgjuofn.** Foreldrafélagið hefur ákveðið að kaupa grill sem hægt er að staðsetja í matsalnum og nemendur geta grillað þar. Nemendur 10. bekkjar hafa grillað samlokur fyrir 50 krónu í sjöpunni sem lið í fjáröflun en það verður ekki lengur. Þó verður áfram hægt að kaupa grillaðar samlokur þar. Einnig á að kaupa nýjan örbylgjuofn svo hægt sé að grilla þar.

Foreldrafélagið skoðaði það hvort hægt er að kaupa teppi á íþróttasalinn svo hægt sé að nota hann þegar uppákomur eru í skólanum. Verið er að leita tilboða í teppi og leiða til að flytja til landsins á hagkvæman hátt. Þetta þarf þó að vera í samráði íþróttahús og framkvæmdaráðs bæjarins.

Heimir fór yfir stöðuna hvað varðar gangbrautir yfir Bugðusíðu og sýndi hvar líklegast er að þeim verði komið fyrir. Unnið er að málinu í samvinnu foreldrafélagsins, hverfisnefndarinnar og skipulagsnefndar. Stefnt er að því að málið verði frá gengið fyrir næsta sumar. Einnig er til athugunar að breyta aðkomu að skólanum þannig að bílar keyrðu ekki inn og út af lóðinni á sama stað.

## **5. Ársskýrsla og starfsáætlun**

Skýrslan verður send til nefndarmanna.

## **6. Breytingar á stjórn skólans**

Póra Hjörleifsdóttir er komin í veikindafrí. Hún hefur sagt upp stöðu sinni frá 1. desember 2015.

## **7. Krabbameinsvaldandi efni á sparkvöllum**

Heimir vakti athygli á að gervigrasið á sparkvöllum hefur að geyma endurrunnið dekkjagúmí. Fram hefur komið í fjölmiðlum að það kann að vera krabbameinsvaldandi. Samtökin Heimili og skóli vinna að málinu og Heimir hefur farið fram á fund með bæjarstjóra um málið og málið verður tekið fyrir hjá skólanefnd.

Fleira markvert ekki rætt. Fundi slitið kl. 16.17.